

# Skipting grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlana landshluta 2020-2024.

## Minniblaði starfshóps til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál 9. september 2019.

Samningar ríkisins og átta landshlutasamtaka sveitarfélaga um sóknaráætlanir landshluta fyrir árin 2015-2019 renna út um komandi áramót. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál hefur það hlutverk samkvæmt erindisbréfi að vinna drög að viðmiðunarreglum vegna útdeilingar fjármuna milli landshluta. Á fundi stýrihópsins þann 25. mars sl. var samþykkt að fela Hermanní Sæmundssyni, Hólmsfríði Sveinsdóttur, Karli Björnssyni og Þórarni Sólmundarsyni að vinna tillögu að viðmiðunarreglum og skiptingu fjármuna milli landshluta. Hópurinn fékk Tinnu Dahl Christiansen til liðs við sig til að uppfæra upplýsingar.

Hópurinn hefur lokið störfum og er sammála um að leggja til að stuðst verði við sömu forsendur eða breytur og gert hefur verið í gildandi samningum. Breyturnar eru sex talsins, íbúafjöldi, stærð og fjöldi vinnusóknarsvæða, atvinnuleysi, íbúapróun, meðalútsvarsstofn svæðis og fjarlægð frá höfuðborg.

Hópurinn leggur til tvær efnislegar breytingar í nýrri skiptareglu:

- Höfuðborgarsvæðið fellur ekki undir forsendurnar, heldur fær úthlutað föstu framlagi, 25 m.kr.
- Um 70% grunnframlags ríkisins árið 2020 skiptist jafnt á milli annarra landshluta, óháð forsendum. Annars vegar „fasti“ sem er sama fyrirkomulag og verið hefur og hins vegar fær hver landshluti 60 m.kr. fast framlag til viðbótar. Er það gert til að tryggja sem mestan stöðuleika, draga úr heildaráhrifum sveifla í mælikvörðum á niðurstöðu úthlutunar, enda verkefni landshlutanna í ríkara mæli að færast í langtímaviðfangsefni.

Annað varðandi skiptaregluna:

- Vægi hvernar breytu er 1. Breyturnar eru íbúafjöldi, atvinnusóknarsvæði, atvinnuleysi, íbúapróun, útsvar og fjarlægð frá höfuðborg. Hver landshluti fær „einkunn“ í samræmi við tölulegar upplýsingar sem liggja þar að baki. Óbreytt frá fyrri skiptareglu.
- Mælikvarði breytnanna er frávik hvers svæðis frá landsmeðaltali, mælt í staðalfrávikseiningum. Staðalfráviksútreikningar eru settir inn til að milda áhrif mikilla frávik. Óbreytt frá fyrri skiptareglu.
- Tölur um íbúafjölda, atvinnuleysi, íbúapróun og útsvar per íbúa hafa verið uppfærðar miðað við nýjustu fyrirliggjandi upplýsingar þann 2. september 2019.
- Í frumvarp til fjárlaga árið 2020 er gert ráð fyrir að framlög til sóknaráætlana lækki um 2% frá árinu 2019, eða úr 730,7 m.kr. í 716,1 m.kr. Að frádregnum föstum framlögum sem skiptareglan leggur til, auk 5 m.kr. sem fer í umsóknagátt uppbyggingasjóðanna, þá standa eftir um 266 m.kr. og skiptast sú upphæð á milli landshlutanna sjö skv. sömu forsendum og stuðst var við í fyrri skiptareglu.
- Tölur bak við vinnusóknarsvæði og fjarlægðarfasta breytast ekki frá fyrri skiptareglu, með þeirri undantekningu að fjarlægðarfasti á Suðurnesjum og á Vestfjörðum hækkar um 0,5.
- Lagt er til að upplýsingar verða uppfærðar og skiptareglan verði endurskoðuð fyrir árið 2022 og aftur fyrir árið 2024.

Tafla 1. Forsendur skiptingar grunnframlaga

2020-2024	Meðaltals íbúafjöldi 2015-2019	Atvinnu- sóknar- svæði	Atvinnu- leysi 2017- 2019	Íbúa- þróun 2015- 2019	Útsvarstofn/ íbúa 2015- 2017	Fjarlægðar- fasti
Vesturland	16.005	19	1,7	6,0	3.679.427	1,5
Vestfirðir	6.956	17	1,7	1,3	3.809.413	4,5
Norðurland vestra	7.169	19	1,2	1,3	3.520.619	2,5
Norðurland eystra	29.840	25	2,5	4,1	3.730.927	2,5
Austurland	10.418	22	2,0	3,1	4.028.750	4
Suðurland	27.915	24	1,7	12,1	3.704.341	2,5
Suðurnes	24.282	10	3,6	23,1	3.561.385	0,5
Höfuðborgarsvæði	-	-	-	-	-	-
Meðaltal	17.512	19	2,1	7,3	3.719.266	
Staðalfrávik	9.079	5	0,7	7,3	155.948	

Tafla 2. Einkunnir sem frávik frá meðaltali deilt með staðalfrávik

Landshluti	Fasti	Íbúa- fjöldi	Atvinnu- sóknar- svæði	Atvinnu- leysi	Íbúa- þróun	Útsvar /íbúa	Fjarlægðar- fasti	Samtal s
Vesturland	4	-0,2	-0,1	-0,5	0,2	0,3	1,5	5,15
Vestfirðir	4	-1,2	-0,5	-0,5	0,8	-0,6	4,5	6,54
Norðurland vestra	4	-1,1	-0,1	-1,2	0,8	1,3	2,5	6,18
Norðurland eystra	4	1,4	1,2	0,6	0,4	-0,1	2,5	10,05
Austurland	4	-0,8	0,5	0,0	0,6	-2,0	4	6,33
Suðurland	4	1,1	1,0	-0,5	-0,7	0,1	2,5	7,57
Suðurnes	4	0,7	-2,0	2,1	-2,2	1,0	0,5	4,18
Höfuðborgarsvæði	-	-	-	-	-	-	-	-
Samtals								46,00


Tafla 3. Skipting grunnframlaga eftir landshlutum

2020-2024	Fast framlag	Útreiknað framlag	Samtals
Vesturland	60.000.000	29.801.849	89.801.849
Vestfirðir	60.000.000	37.848.443	97.848.443
Norðurland vestra	60.000.000	35.729.037	95.729.037
Norðurland eystra	60.000.000	58.136.428	118.136.428
Austurland	60.000.000	36.606.194	96.606.194
Suðurland	60.000.000	43.770.777	103.770.777
Suðurnes	60.000.000	24.207.273	84.207.273
Höfuðborgarsvæði	25.000.000	-	25.000.000
Umsóknagáttin	-	-	5.000.000

Samtals	445.000.000	266.100.000	716.100.000
---------	-------------	-------------	-------------

Tafla 4. Úthlutun - samanburður milli ára

Landshluti	2019	2020	Mismunur	Hlutfallsleg breyting milli ára
Vesturland	81.715.806	89.801.849	8.086.043	9,9%
Vestfirðir	107.666.571	97.848.443	-9.818.128	-9,1%
Norðurland vestra	81.707.766	95.729.037	14.021.271	17,2%
Norðurland eystra	125.860.056	118.136.428	-7.723.628	-6,1%
Austurland	94.440.303	96.606.194	2.165.891	2,3%
Suðurland	119.537.010	103.770.777	-15.766.233	-13,2%
Suðurnes	90.238.384	84.207.273	-6.031.111	-6,7%
Höfuðborgarsvæði	25.534.106	25.000.000	-534.106	-2,1%
Umsóknagáttin	4.000.000	5.000.000	1.000.000	25,0%
<b>Samtals</b>	<b>730.700.002</b>	<b>716.100.000</b>	<b>-14.600.002</b>	<b>-2,0%</b>



Mynd 1. Úthlutun - samanburður milli ára

### Nánar um viðmiðin:

- **Íbúafjöldi (meðaltal 2015-2019):**

Fyrir utan höfuðborgarsvæðið eru tveir landshlutar, Suðurland og Norðurland eystra sem eru áberandi fjölmennastir. Eðlilegt er að íbúafjöldi hafi áhrif á fjárframlög.

- **Íbúapróun (5 ára þróun):**

Ákveðið var að nota þróunina frá 2015-2019. Íbúapróun er mikilvægur mælikvarði enda er viðvarandi fólksfækkun ein af alvarlegustu birtingarmyndum veikrar stöðu sumra svæða.

- **Atvinnuleysi (meðaltal 2017-2019):**

Atvinnuleysistölur sveitarfélaga frá Vinnumálastofnun, vegnar með íbúafjölda hvers sveitarfélags.

- **Útsvarsstofn (meðaltal 2015-2017):**

Útsvarsstofn er tiltölulega góð nálgun fyrir heildaratvinnutekjur sem aftur eru góður mælikvarði á "landsframleiðslu" svæðis. Tölurnar fyrir hvert sveitarfélag eru vegnar með íbúafjölda.

- ***Fjarlægðarfasti:***

Hverju svæði var gefinn einkunn sem tekur tillit til fjarlægðar til höfuðborgarsvæðisins og hversu auðveldar samgöngur eru innan svæðis.

- ***Stærð og fjöldi atvinnu- og þjónustusóknarsvæða:***

Mælikvarði á margbreytileika svæðis sem hefur verið þróaður hjá Byggingastofnun. Mælikvarðinn er í endurskoðun.